

Til hæstvirts bæjarráðs Akraness og bæjarstjóra Regínu Ásvaldsdóttur.

Akranesi, 28. ágúst 2015.

Nú á dögnum barst Héraðsskjalasafni Akraness afhending frá Akraneskaupstað. Taldi afhendingin 601 öskju af skjölum ásamt 20 möppum.

Skv. núgildandi reglugerð nr. 573/2015, um afhendingu á opinberu skjalasafni ber viðkomandi skjalmyndara, í þessu tilfalli Akraneskaupstað, að fara að henni við frágang skjala. Sjá fylgiskjal 1.

Skv. bréfi frá Nirði Sigurðssyni, sviðsstjóra skjalasviðs Þjóðskjalasafns Íslands, mega hin opinberu skjalasöfn, ÞÍ og Héraðsskjalasöfnin, boðið afhendingarskyldum aðilum að ganga frá skjölunum skv. greiðslu. Þá er gerð kostnaðaráætlun og sé hún samþykkt eru gögnin afhent ófrágengin og héraðsskjalasafnið tekur að sér verkið. Þannig að aðeins tvennt er í boði, þ.e. að viðkomandi aðili afhendi skjölin fullfrágengin og skráð eða semji um viðtöku skjalanna og frágangi á þeim fyrir greiðslu. Afhendingarskyldur aðili á að bera allan kostnað við skjalavörsluna, þ.m.t. frágang og skráningu í geymsluskrá. Á bls. 89 í Handbók um skjalavörslu sveitarfélaga er fjallað um þessa tvo kosti. Sjá bréf, fylgiskjal 2 og útprentun úr handbók, fylgiskjal 3.

F. h. Héraðsskjalasafns Akraness legg ég fram kostnaðaráætlun við frágang á skjalasafni Akraneskaupstaðar, sem barst safninu dagana 20.-21. ágúst 2015. Sjá fylgiskjal 4.

Einnig óskar héraðsskjalavörður eftir því að afhendingin fari í Klug öskjur sem standast ISO 9706:2010 og ISO 16245:2012 staðla. Sjá fylgiskjal 5.

F.h. Héraðsskjalasafns Akraness

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður



AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 4.5.1	Mótt. af G30	Mótt. d. - 7 SEPT. 2015
Áb.m. RA	Úrv.aðili St.A	Afrit RA/St.A
Símtal	Tölvup.	Fax SAS/G30
Svarfr.	Trún.mál	Fskj.
Málsnr. Oni 1509099		